

**Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um niðurfellingu manntalsþinga í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum.**

„Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, herra sýslumaður, dags. 5. þ. m., varðandi tillögu yðar, ásamt samþykktum sýslunefnda Mýra- og Borgarfjarðarsýslna um að leggja niður manntalsþing í sýslunum.

Með vísun til 38. gr. laga nr. 85 1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 10. gr. laga nr. 28 1981, samþykkir ráðuneytið hér með að manntalsþing í Mýra og Borgarfjarðarsýslum verði lögð niður.“

11. júlí 1984

Nr. 345

**SAMÞYKKT**

**um forkaupsrétt Keflavíkur að lóðum og öðrum fasteignum innan kaupstaðarins.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, hefur bæjarstjórn Keflavíkur gert samþykkt á fundi sínum 15. nóvember 1983 um að áskilja Keflavíkurbæ forkaupsrétt að eftirtöldum lóðum og öðrum fasteignum í Keflavík:

- Aðalgata: 1, 2, 6, 7a, 8, 11, 12, 13, 14, 15, 16a, 17, 18 og 19.  
 Hafnargata: 9, 13, 16, 18, 27a, 30, 34, 38, 39, 41, 42, 43, 44, 45, 46, 47, 48, 50, 51, 52, 53, 55, 56 og 57.  
 Kirkjuvegur: 1, 3, 5, 9a, 10, 11, 14, 15, 17, 18, 28, 34, 35, 36, 37, 40 og 48.  
 Klapparstígur: 3, 4, 5, 6 og 8.  
 Suðurgata: 1, 3, 5, 7, 9, 10, 11, 13, 16, 18, 19, 20, 22, 23, 23a, 25, 27, 29, 31 og 33.  
 Skólavegur: 2.  
 Tjarnargata: 6 og 18.  
 Túngata: 5, 9, 10, 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18, 19 og 23.  
 Vallargata: 4, 6, 7, 9, 10, 15, 16, 17, 18, 19, 20, 22, 23, 24, 25, 26, 27, 28 og 31.  
 Vesturgata: 5, 11, 13, 14a og 15.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja og birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt nr. 74 frá 23. janúar 1981.

*Félagsmálaráðuneytið, 11. júlí 1984.*

F. h. r.  
**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*